

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingu á flugþjónustusvæði Keflavíkurflugvallar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti þann 23. maí 2013 breytingu á deiliskipulagi flugþjónustusvæðis Keflavíkurflugvallar - deiliskipulagssvæði B.

Breytingin nær yfir lóðina Fálkavöllur 2 og felst í því að bætt er við einni útkeyrslu af lóð Fálkavallar 2 (flugeldhús), inn á Fálkavöll. Eingöngu verður heimilt að aka út af lóðinni um útkeyrslu, en ekki inn á lóðina. Einnig er sú breyting gerð að önnur af tveimur innkeyrslum inn á bílastæði lóðarinnar, sem er utan haftasvæðis, verður felld niður.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Keflavíkurflugvelli, 24. maí 2013.*

F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar,

**Sigurður H. Ólafsson,**  
skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar – svæði A.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. júní 2013